Fimmtudaginn 5. mars 1998.

Nr. 345/1997. **Erla Axelsdóttir**
(Friðjón Ö. Friðjónsson hrl.,
Brynjar Níelsson hdl.)
gegn
íslenska ríkinu
(Jón G. Tómasson hrl.,
Lárus L. Blöndal hdl.)

Umboð. Ferðaskrifstofa. Trygging. Handveð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 25. ágúst 1997. Þess er krafist, að ógilt verði handveðssetning tuttugu hlutabréfa samkvæmt yfirlýsingu, út gefinni 17. maí 1996 af Hilmari Ágústi Hilmarssyni, til tryggingar starfsleyfi ferðaskrifstofunnar Vilborgar, kt. 570596-2929. Þá krefst áfrýjandi þess, að stefndi greiði sér aðallega 6.120.437 krónur, en til vara 4.264.029 krónur, hvort tveggja með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 11. október 1996 til greiðsludags. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Eins og fram kemur í lýsingu málavaxta í héraðsdómi, ritaði áfrýjandi undir yfirlýsingu á fundi í samgönguráðuneytinu 22. júlí 1996 sem „eigandi og veðþoli þeirra tuttugu hlutabréfa, sem umboðsmaður minn, Hilmar Ágúst Hilmarsson, ... handveðsetti samgönguráðuneytinu fyrir mína hönd með yfirlýsingu, dagsettri 17. maí 1996, til tryggingar ferðaskrifstofuleyfi (A-leyfi) ferðaskrifstofunnar Vilborgar ... (Wihlborg Rejser) skv. 13. gr. laga nr. 117/1994, en íslenskur samstarfsaðili ferðaskrifstofunnar var Bingó ehf. ...". Eftir að hlutabréfin hafa verið tilgreind, er lýst yfir því, að áfrýjanda sé kunnugt um rekstrarstöðvun ofangreindrar ferðaskrifstofustarf-

semi, og er óskað eftir fresti til 15. ágúst 1996 til þess að freista þess að innleysa bréfin gegn greiðslu andvirðis þeirra í reiðufé. Síðan segir: „Takist þessi fyrirætlun mín, fel ég umboðsmanni mínum, Hilmari Ágústi Hilmarssyni, að taka við hlutabréfunum fyrir mína hönd. Takist mér ekki að leysa bréfin til mín gegn greiðslu markaðsverðs þeirra, er mér ljóst, að samgönguráðuneytið mun framselja bréfin fyrir mína hönd, markaðssetja með þeim hætti, sem það telur henta, og ráðstafa andvirði þeirra skv. nefndri 13. gr. laga nr. 117/1994."

Framangreind yfirlýsing á rætur að rekja til þess, að Hilmar Ágúst Hilmarsson setti samgönguráðuneytinu að veði, eins og þar er lýst, hlutabréf í eigu áfrýjanda á grundvelli umboðs frá 21. ágúst 1993, þar sem hún veitti honum heimild „to be my attorney and agent for managing and taking care of all business transactions on my behalf". Þegar áfrýjanda var kynnt um miðjan júnímánuð, að óhjákvæmilegt væri að ganga að handveðinu vegna stöðvunar á starfsemi ferðaskrifstofunnar Vilborgar, óskaði hún eftir fresti til 15. júlí 1996 til að leysa málið, en hún ráðgerði að vera þá komin frá Bandaríkjunum, þar sem hún er búsett. Hún kom síðan á fund í samgönguráðuneytinu 18. júlí ásamt bróður sínum, Hilmari Kristjánssyni, föður Hilmars Ágústs. Þar óskuðu þau eftir fresti til 1. september til að leysa til sín bréfin, en fengu lokafrest til 15. ágúst 1996. Af hálfu ráðuneytisins var þess óskað, að áfrýjandi gengi frá yfirlýsingu þess efnis, að það mætti þá selja bréfin, ef andvirði þeirra hefði ekki verið greitt. Á fundi í ráðuneytinu 22. júlí 1996 var svo gengið frá þeirri yfirlýsingu áfrýjanda, sem nefnd var í upphafi, eftir að áfrýjandi og bróðir hennar höfðu fengið því framgengt, að innlausnarverð bréfanna til hennar yrði ekki umfram 6.000.000 króna. Af gögnum málsins verður ekki séð, að áfrýjandi hafi haft uppi nokkur andmæli gegn gildi veðsetningarinnar í þessum samskiptum öllum við samgönguráðuneytið. Það var fyrst með bréfi lögmanns áfrýjanda til ráðuneytisins 28. ágúst 1996, að brigður voru á það bornar, en þá var ljóst orðið, að innlausn bréfanna myndi ekki takast.

Kristján Þorbergsson héraðsdómslögmaður annaðist lögfræðistörf fyrir Flugmálastjórn á þessum tíma og var viðriðinn samskipti ráðuneytisins við eigendur dönsku ferðaskrifstofunnar Wihlborg

Rejser og Hilmar Kristjánsson og síðar einnig áfrýjanda málsins. Hann sat báða fundina með áfrýjanda í samgönguráðuneytinu 18. og 22. júlí 1996 og kvaðst fyrir dómi hafa samið þá yfirlýsingu, er áfrýjandi undirritaði á seinni fundinum. Hann lýsti því þá einnig, að engin vefenging eða mótmæli hefðu komið fram af hálfu áfrýjanda vegna veðsetningar hlutabréfanna, heldur hefði hún viðurkennt hana afdráttarlaust í tveimur símtölum við ráðuneytið í júnímánuði, sem hann hefði orðið vitni að. Þá kvaðst hann á fundinum 18. júlí hafa innt áfrýjanda og bróður hennar eftir því, hvort ekki hefði verið ástæða til, að Helgi Sigurðsson héraðsdómslögmaður kæmi með þeim á fundinn, en því verið svarað neitandi. Fyrir liggur, að Helgi kom að undirbúningi að rekstri hinnar umræddu ferðaskrifstofu og annaðist samskipti við ráðuneytið um það, en hann var þó ekki lögmaður áfrýjanda.

Samkvæmt framansögðu og gögnum málsins er ljóst, að áfrýjandi andmælti hvorki gildi veðsetningarinnar, strax og tilefni gafst til, né síðar í eftirfarandi samskiptum sínum við samgönguráðuneytið. Hún afturkallaði ekki umboð Hilmars Ágústs Hilmarssonar á þessum tíma, heldur staðfesti það í skriflegri yfirlýsingu 22. júlí 1996, um leið og hún veitti honum framlengt umboð til að taka við hlutabréfunum frá ráðuneytinu, ef innlausn þeirra tækist fyrir 15. ágúst sama árs. Verður að telja, að áfrýjandi hafi bæði haft tíma og tilefni til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðuneytið, ef hún taldi umboðsmann sinn hafa farið út fyrir umboðið eða þá heimild, sem hann hafði frá henni. Til þess eru ekki haldbær rök; aðstaða áfrýjanda gagnvart ráðuneytinu hafi verið á þann veg, að við úrlausn málsins verði beitt ákvæðum 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður á það fallist, að Wihlborg Rejser og ferðaskrifstofan Vilborg hafi verið einn og sami aðilinn og rekstrarstöðvun á þeim hluta starfseminnar, er laut að leiguflugi hingað til lands, hafi fullnægt skilyrðum 13. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 117/1994 um skipulag ferðamála, svo að nota hafi mátt tryggingarféð á þann hátt, er samgönguráðuneytið ákvað.

Samkvæmt framansögðu verður héraðsdómur staðfestur. Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Erla Axelsdóttir, greiði stefnda, íslenska ríkinu, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. júní 1997.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. júní 1997, er höfðað af Erlu Axelsdóttur Boren, Lenelle Ct. Moraga, Kaliforníu 94556, Bandaríkjunum, með stefnu, birtri 23. september 1996, á hendur samgönguráðuneyti, Hafnarhúsinu, Reykjavík, og fjármálaráðuneyti, Arnarhváli, Lindargötu, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að ógilt verði með dómi handveðssetning tuttugu hlutabréfa samkvæmt yfirlýsingu, út gefinni af Hilmari Á. Hilmarssyni til stefnda samgönguráðuneytis, dags. 17. maí 1996, til tryggingar ferðaskrifstofuleyfi ferðaskrifstofunnar Vilborgar, kt. 570596-2929.
2. Að stefndu verði aðallega gert skylt að greiða stefnanda 6.143.000 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 11. október 1996 til greiðsludags, en til vara, að stefndu verði gert að greiða stefnanda 4.283.424 kr. með dráttarvöxtum frá 11. október 1996 til greiðsludags.
3. Að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins og 24,5% virðisaukaskatt af tildæmdum málskostnaði.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi hennar samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

II.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Stefnandi kveðst vera bandarískur ríkisborgari og hafa búið í Bandaríkjunum sl. þrjátíu ár, en hafa búið á Íslandi fyrstu tuttugu ár ævinnar. Bróðir sinn sé Hilmar Kristjánsson og bróðursonur Hilmar Á. Hilmarsson, en þeir hafi átt þátt í og aðstoðað danska ferðaskrifstofu, Wihlborg Rejser (í sóknarskjölum er ferðaskrifstofan ýmist nefnd Whilborg Rejsen eða Wihlborg Rejser, sem mun vera rétt), við að selja ferðir á flugleiðinni London-Kaupmannahöfn-Keflavík með eftirfarandi hætti:

Stofnað hafi verið fyrirtækið Storbon Ltd. á Írlandi, sem gerði samning við enskt flugfélag um leigu á flugvél. Í kjölfarið hafi verið stofnað einkahlutafélagið Bingó ehf., sem hafði með höndum umsjón með farmiðasölu, bókunum og auglýsingum um fyrirhugaðar ferðir milli London, Kaup-

mannahafnar og Keflavíkur. Gerður hafi verið samningur við enska ferðaskrifstofu um sölu á farseðlum milli London og Kaupmannahafnar og enn fremur samningur við ferðaskrifstofuna Wihlborg Rejser í Danmörku um sölu á farmiðum á flugleiðinni Kaupmannahöfn-Reykjavík-London og til baka. M. a. hafi danska ferðaskrifstofan auglýst í dagblöðum á Íslandi ódýrar ferðir til Kaupmannahafnar, á 9.900 kr., og hafi verið gefið upp danskt símanúmer til að panta flugfar.

Fyrsta flugið hafi verið farið 15. maí 1996, en hið síðasta 24. sama mánaðar. Samgönguráðuneytið hafi gert athugasemd og krafist þess, að lagðar yrðu fram tryggingar á grundvelli laga nr. 117/1994. Hinn 17. maí 1996 hafi verið stofnuð ferðaskrifstofan Vilborg, kt. 570596-2929, og hafi verið lagðar fram tryggingar vegna starfsemi hennar, samtals að fjárhæð 8.000.000 kr., sem hér segi:

Í formi bankabókar nr. 214799 2.000.000 kr. og með handveðssetningu hlutabréfa í eigu Erlu Axelsdóttur 6.000.000 kr., en þessar tryggingar hafi Hilmar Á. Hilmarsson lagt fram. Þá hafi verið gert ráð fyrir, að trygging dönsku ferðaskrifstofunnar Wihlborg Rejser hjá Rejsefonden í Danmörku, að fjárhæð 2.000.000 kr., væri fáanleg vegna rekstrarins, en þær vonir hafi brugðist.

Ferðaskrifstofan Wihlborg hafi aðeins starfað í nokkra daga, þar sem síðasta ferð hafi verið farin 24. maí 1996, en eftir það hafi starfsemin verið stöðvuð. Farþegar, sem keypt höfðu farseðla um enska eða danska ferðaskrifstofu, og farþegar, sem verslað höfðu við Vilborg ferðaskrifstofu, hafi orðið fyrir tjóni vegna vanefnda. Kröfum hafi verið lýst til samgönguráðuneytisins til greiðslu af tryggingarfénu, og liggi fyrir kröfuskrá.

Stefnandi kveðst á engan hátt tengjast þeim ferðaskrifstofum, sem hér um ræði. Hún eigi engra hagsmuna að gæta í umræddum félögum og ferðaskrifstofum og hafi ekki haft hugmynd um starfsemi þeirra. Hlutabréf í sinni eigu hafi verið sett að handveði án heimildar.

Stefnandi kveðst vera eigandi eftirtalinna tuttugu hlutabréfa, sem sett voru að handveði til samgönguráðuneytisins með yfirlýsingu, dags. 17. maí 1996:

Nr. bréfs	Nafn hlutafélags	Nafnverð	Kaupgengi	Söluverð
4–3090	Sæplast hf.	9.950	4,55	45.273
2627	Sæplast hf.	49.500	4,55	225.225
2491	Sæplast hf.	50.000	4,55	227.500
482	Ísl. sjávarafurðir hf.	100.000	2,8	280.000
6–929	Útgfél. Akureyrar hf.	15.760	4,1	64.616
6–925	Útgfél. Akureyrar hf.	15.240	4,1	62.484

4–3721	Útgfél. Akureyrar hf.	3.100	4,1	12.710
4–5541	Útgfél. Akureyrar hf.	6.820	4,1	27.062
182376	Hf. Eimskipafél. Íslands	101.250	6,16	623.700
143258	Hf. Eimskipafél. Íslands	162.000	6,16	997.920
64344	Hf. Eimskipafél. Íslands	60.000	6,16	369.600
162369	Hf. Eimskipafél. Íslands	31.000	6,16	498.960
243693	Hf. Eimskipafél. Íslands	66.756	6,16	411.217
222750	Hf. Eimskipafél. Íslands	60.688	6,16	373.838
55342	Hf. Eimskipafél. Íslands	50.000	6,16	308.000
202673	Hf. Eimskipafél. Íslands	50.625	6,16	311.850
F 65	Grandi hf.	27.610	3,5	96.635
D 522	Grandi hf.	251.000	3,5	878.500
E-45	Grandi hf.	25.100	3,5	87.850
5803	Hampiðjan hf.	27.654	3,95	109.233

Samtals nemi söluverð 17. maí 1996 6.013.073 kr.

Samkvæmt yfirlýsingu, dags. 17. maí 1996, um handveðssetninguna hafi Hilmar Á. Hilmarsson afhent stefndu hlutabréfin „samkvæmt meðfylgjandi umboði". Í raun hafi það verið Hilmar Kristjánsson, sem afhenti bréfin, þar sem Hilmar yngri hafi verið erlendis. Umrætt umboð sé á ensku, dags. 21. ágúst 1993. Umboðið sé almennt og heimili umboðsmanni að sjá um viðskiptasamninga fyrir umbjóðanda sinn og auk þess nánar tiltekna ráðstöfun, sem sé sérstaklega tilgreind í umboðinu. Hlutabréfin séu hins vegar sett að veði vegna viðskipta, sem séu stefnanda óviðkomandi. Stefnandi hafi verið grandlaus um handveðssetninguna, þar til henni var tilkynnt um hana með símtali til Bandaríkjanna 12. júní 1996. Daginn eftir hafi borist skrifleg tilkynning frá stefnda samgönguráðuneytinu um málið, þar sem m. a. hafi verið tilkynnt, að ráðstöfun bréfanna stæði fyrir dyrum. Hafi stefnandi farið þess á leit, að málinu yrði frestað, þar til hún kæmi til Íslands um miðjan júlí.

Þegar stefnandi kom til Íslands, hafi verið haldinn fundur með fulltrúum samgönguráðuneytisins 18. og 22. júlí 1996. Af hálfu ráðuneytisins hafi tveir starfsmenn þess setið fundinn, og hafi annar þeirra verið Helgi Jóhannesson lögfræðingur. Auk þess hafi ráðuneytið leitað til sjálfstætt starfandi lögmanns sér til aðstoðar, Kristjáns Þorbergssonar hrl. Stefnandi hafi ekki haft lögfræðing sér til aðstoðar, enda hafi hún ekki haft tækifæri til að ráðfæra sig við lögmann um málið. Hins vegar hafi bróðir stefnanda, Hilmar Kristjánsson, setið fundinn. Í minnispunktum stefndu frá fundinum komi fram, að Hilmar Kristjánsson hafi óskað eftir fresti til að leysa til sín bréfin, þar sem fyrir dyrum stæði að selja fyrirtæki hans, Kvótamarkaðinn. Á fundi 22.

júlí hafi verið lögð fyrir stefnanda yfirlýsing, sem samin hafði verið af fulltrúum ráðuneytisins eða lögmanni þess og undirritun hennar gerð að skilyrði fyrir frekari fresti í málinu. Hafi stefnandi ekki séð annan kost í stöðunni en skrifa undir yfirlýsinguna til þess að fá frest til að endurheimta bréfin.

Stefnandi kveðst hafa orðið fyrir miklu áfalli, þegar hún frétti af veðsetningu bréfanna. Um sé að ræða mikil verðmæti, sem stefnandi hafi safnað með ráðdeild á mörgum árum. Um sé að tefla hlutabréf í sterkum íslenskum fyrirtækjum, trausta fjárfestingu, sem gefið hafði góða ávöxtun. Það hafi verið stefnanda mikið kappsmál að koma í veg fyrir, að hlutabréfunum væri ráðstafað með þeim hætti, sem ráðuneytið hafði tilkynnt.

Af ástæðum, sem nánar greini í aðilaskýrslu stefnanda, hafi hún verið í miklu uppnámi, þegar fundurinn var haldinn. Hún hafi ekki gert sér grein fyrir réttarstöðu sinni og ekki skilið, um hvað málið fjallaði, og hafi ekki þekkt til íslenskra réttarreglna. Hún hafi staðið í þeirri trú, að bróðursonur sinn, sem lagt hafi bréfin fram í óleyfi sem tryggingu, og faðir hans gætu aflað fjár til að leysa bréfin úr veðböndunum, ef nægur tími gæfist.

Fyrir liggi, að hlutabréfin hækkuðu verulega í verði frá handveðssetningardegi fram að 14. ágúst 1996, er frestur rann út til að innleysa bréfin. Fyrir liggi útreikningur á söluverðmæti bréfanna frá verðbréfasjóði Íslandsbanka, annars vegar miðað við 14. ágúst 1996 og hins vegar 4. september. Hafi söluverðmæti bréfanna hækkað um rúma eina milljón króna á þessum tíma.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar á eftirfarandi hátt:

Handveðssetning hlutabréfa í eigu stefnanda 17. maí 1996 hafi farið fram án sinnar heimildar og án þess að fullnægjandi umboð lægi fyrir. Fyrirliggjandi almennt umboð nái ekki til að setja hlutabréf í eigu stefnanda til tryggingar skuldbindingum og rekstri henni óviðkomandi. Um sé að ræða rekstur þriðja aðila, sem stefnandi tengist ekki með neinum hætti. Stefndu hafi verið eða mátt vera um það kunnugt, að stefnandi tengdist ekki þeim aðilum, sem stóðu að ferðaskrifstofurekstrinum, neinum hagsmunabönd-um. Stefndu hafi verið í lófa lagið að leita sérstakrar staðfestingar hjá stefnanda fyrir veðsetningunni eða að krefjast þess, að fyrir lægi sérstakt umboð til veðsetningarinnar. Því sé haldið fram, að umboðsmaður hafi farið út fyrir umboð sitt með afhendingu bréfanna og að stefnda samgönguráðuneytinu hafi verið eða mátt vera það kunnugt. Ráðstöfun bréfanna falli ekki innan umboðsins og sé því ekki skuldbindandi, sbr. gagnályktun frá 10. gr. l. nr. 7/1936.

Stefnandi telur, að yfirlýsing, dags. 22. júlí 1996, feli ekki í sér eftirfarandi

samþykki fyrir handveðssetningunni samkvæmt orðanna hljóðan. Þar sé aðeins lýst málsatvikum með hlutlægum hætti og gerð grein fyrir fyrirætlun ráðuneytisins. Í undirskrift stefnanda felist, að hún geri sér grein fyrir málsatvikum og fái frest til að leysa bréfin úr veðböndum, ef kostur sé. Því sé mótmælt með vísan til 36. gr. l. nr. 7/1936, sbr. l. nr. 11/1986, að yfirlýsingin verði skilin á þann hátt, að stefnandi hafi skuldbundið sig til að hlíta veðsetningunni að öllu eða einhverju leyti. Ef litið sé til stöðu þeirra aðila, sem að yfirlýsingunni stóðu, og til þeirra aðstæðna, sem fyrir voru, þegar yfirlýsingin var gefin, sé það ósanngjarnt og andstætt lögum, að stefnandi verði við hana bundin um handveðssetningu hlutabréfanna.

Þar sem stefndi hafi ráðstafað hlutabréfunum til þriðja aðila og geti ekki skilað þeim stefnanda aftur, sé þess krafist, að stefnda verði gert að bæta stefnanda það tjón, sem af ráðstöfuninni hafi hlotist.

Tjón stefnanda sé markaðsverð bréfanna, þegar þau voru seld gegn vilja stefnanda dagana 1.–11. október 1996. Heildarsöluandvirði þeirra að frádregnum 2% sölulaunum hafi numið 6.021.853 kr., en sölulaun hafi numið 120.437 kr. Samtals nemi tjónið því 6.142.290 kr. Á dskj. nr. 39 hafi upphafleg stefnufjárhæð verið lækkuð í 6.021.853 kr., en þar hafi fallið út krafa um greiðslu sölulauna, 120.437 kr. Var krafa því gerð um samtölu söluverðs og sölulauna við munnlegan málflutning, og kvað talsmaður stefnanda þá breytingu rúmast innan upphaflegrar kröfugerðar í stefnu og því ekki um eiginlega hækkun á dómkröfum að ræða.

Telji dómstólar stefnanda bundna af handveðssetningunni, bendi stefnandi á eftirfarandi málsástæður:

Að tryggingin, að fjárhæð 6.000.000 kr., nái ekki til tryggingar annarra skuldbindinga en þeirra, sem stofnað sé til í nafni ferðaskrifstofunnar Vilborgar. Því sé mótmælt, að tryggingunni sé ráðstafað til greiðslu krafna, sem til sé stofnað fyrir 17. maí 1996. Það leiði af ákvæðum laga nr. 117/1994 og reglugerðar nr. 281/1995, að tryggingin taki aðeins til rekstrar íslenskrar ferðaskrifstofu.

Stefnandi minnir enn fremur á, að tryggingin sé aðeins til vara. Stór hluti þeirra krafna, sem ráðuneytið hyggist nota trygginguna til greiðslu á, sé vegna rekstrar danskrar ferðaskrifstofu, Wihlborg Rejser. Tryggingin sé þannig til vara, að fyrst þurfi að beina kröfum að dönsku ferðaskrifstofunni, áður en hægt sé að krefja um greiðslu af tryggingunni.

Stefnandi vísar til almennra reglna kröfu-, samninga-, skaðabóta- og eignarréttar og til laga nr. 7/1936 um samninga, umboð og ógilda löggerninga. Um dagsektir vísar stefnandi til dómaframkvæmdar og lögvenju.

Málavaxtalýsing stefndu.

Stefndu kveða dönsku ferðaskrifstofuna Wihlborg Rejser hafa hafið auglýsingar í dagblöðum á Íslandi um ódýra farmiða milli Íslands og Kaupmannahafnar á vormánuðum 1996. Miðarnir hafi verið keyptir með greiðslukorti um síma eða með símgreiðslu á pósthúsum og bönkum. Þegar greiðslan hafði borist til Danmerkur, hafi menn fengið farseðlana senda í pósti. Samgönguráðuneytið hafi fengið spurnir af þessari starfsemi, sem hafi verið rekin án tilskilinna leyfa, og hafi verið leitað eftir svörum um starfsemina. Hafi þau fengist með bréfi frá 23. apríl 1996, dskj. nr. 3. Þar komi fram, að Wihlborg Rejser hefðu með höndum farmiðasölu í flugferðir milli Kaupmannahafnar og Keflavíkur. Fyrirtækið hefði starfsleyfi í Danmörku, og Bingó ehf. á Íslandi hefði umsjón með bókhaldi þess og eftirlit með bókunarkerfi; auk þess sæju starfsmenn Bingó ehf. um þjónustu við farþega á Keflavíkurflugvelli og hefðu eftirlit með auglýsingum ferðaskrifstofunnar hér á landi. Wihlborg Rejser hefðu haft leyfi til ferðaskrifstofurekstrar í Danmörku, og því hefði verið talið óþarft að sækja sérstaklega um leyfi hér á landi. Það hefði ekki verið hugmynd Bingós ehf. að sækja um leyfi fyrir ferðaskrifstofurekstri, en viðræður hefðu verið í gangi við íslenskar ferðaskrifstofur um ferðaþjónustu fyrir farþega Wihlborg Rejser.

Samgönguráðuneytinu hafi síðan borist bréf, dags. 7. maí 1996, frá Helga Sigurðssyni hdl., dskj. nr. 20, þar sem tilkynnt sé, að Wihlborg Rejser hafi ákveðið að opna útibú hér á landi. Hafi ráðuneytið þá ritað lögmanninum bréf, dags. 9. maí 1996, dskj. nr. 4, þar sem ráðuneytið lýsi þeirri skoðun, að ferðaskrifstofunni væri óheimilt að veita þjónustu á Íslandi án tilskilinna leyfa og trygginga.

Að loknum þessum bréfaskriftum hafi verið haldnir fundir í samgönguráðuneytinu með málsaðilum, þar sem afstaða ráðuneytisins hafi verið ítrekuð. Umsókn um ferðaskrifstofuleyfi vegna Wihlborg Rejser sé dagsett 15. maí, dskj. nr. 22. Sem trygging hafi verið lögð fram bankabók með innstæðu að fjárhæð tvær milljónir króna svo og að handveði hlutabréf að áætluðu verðmæti sex milljónir króna. Veðsetningu bréfanna hafi fylgt yfirlýsing Hilmars Á. Hilmarssonar, dskj. nr. 13, og umboð frá stefnanda, dskj. nr. 7.

Í kjölfar þessa hafi verið gengið frá ferðaskrifstofuleyfi 21. maí 1996, dskj. nr. 23. Hinn 29. sama mánaðar hafi ráðuneytinu verið tilkynnt, að Wihlborg Rejser hefðu hætt öllum rekstri. Hafi ráðuneytið þá gengið að tryggingum til að greiða heimflutning farþega og kröfur vegna kaupa á farseðlum, sem ekki reyndist unnt að nýta.

Málsástæður stefndu og lagarök.

Af hálfu stefndu var því mótmælt, að sú hækkun á kröfugerð stefnanda, sem fram kom við munnlegan málflutning, frá þeirri kröfugerð, sem fram kemur á dskj. nr. 39, kæmist að á þessu stigi málsins.

Stefndu kveðast hafna málsástæðum stefnanda, sem hún reisir á kröfu sína um ógildingu handveðssetningarinnar, þ. e., að veðsetning þeirra hafi farið fram án heimildar og án fullnægjandi umboðs, enda hafi rekstur sá, sem bréfin voru sett að tryggingu fyrir, verið stefnanda óviðkomandi.

Í fyrsta lagi feli umboð það, sem stefnandi veitti Hilmari Ágústi Hilmarssyni, dskj. nr. 7, fullt og ótakmarkað umboð til Hilmars til að taka f. h. stefnanda ákvarðanir um hvers kyns viðskiptalegar gjörðir og þar með veðsetningu á hlutabréfum í eigu stefnanda. Í umboðinu sé engin takmörkun að þessu leyti.

Í annan stað hafi stefnandi framan af aldrei vefengt heimildir þess, sem bréfin veðsetti, heldur hafi hún staðfest í samtölum við starfsmenn ráðuneytisins, að Hilmar hefði haft umboð til þessara ráðstafana. Eftir að ráðuneytið hafði tvívegis veitt stefnanda frest til að leysa út bréfin gegn greiðslu í peningum, fyrst til 15. júlí, en síðan til 15. ágúst 1996, og í ljós hafi komið, að fyrirætlanir aðstandenda Bingós ehf. um að útvega stefnanda fjármuni í því skyni væru óraunhæfar, þá hafi fyrst verið látið að því liggja með bréfi, dags. 28. ágúst, dskj. nr. 18, að upphafleg handveðssetning hefði verið ógild.

Til að taka af öll tvímæli um þetta efni hafi stefnandi skrifað undir yfirlýsingu 22. júlí 1996, dskj. nr. 13, þar sem skýrt sé tekið fram, að hlutabréfin hafi verið handveðssett fyrir hennar hönd. Um leið hafi stefnandi ítrekað, að Hilmar Ágúst Hilmarsson hefði umboð hennar til að taka við bréfunum, ef henni tækist að leysa þau til sín.

Stefnandi virðist vera þeirrar skoðunar, að yfirlýsingin frá 22. júlí 1996 feli ekki í sér eftirfarandi samþykki fyrir handveðssetningunni, og vísi stefnandi í því sambandi til ákvæða 36. gr. l. nr. 7/1936. Sé jafnframt gefið í skyn, að stefnandi hafi verið þvinguð til að gefa út yfirlýsinguna og samgönguráðuneytið misnotað aðstöðu sína gagnvart stefnanda. Þessu sé eindregið hafnað af hálfu stefnda. Yfirlýsingin frá 22. júlí 1996 taki eftir orðanna hljóðan af öll tvímæli um, að umboðsmaður stefnanda hafi haft heimild hennar til handveðssetningar hlutabréfanna.

Samgönguráðuneytið hafi upphaflega fallist á ósk stefnanda um að fresta áformum um ráðstöfun bréfanna, þar til eftir að hún kæmi til landsins 12. júlí 1996. Nokkru eftir þann tíma hafi ráðuneytið haft frumkvæði að því, að haldinn var fundur með stefnanda, þar sem hún hafi óskað eftir því, að fresturinn yrði framlengdur til miðs ágústmánaðar. Af hálfu ráðuneytisins

hafi verið sérstaklega áréttað, að eftir þann tíma ætti það ekki annars úrkosti en selja bréfin. Stefnandi hafi kveðið sig gera sér fullkomlega grein fyrir þessu og vera reiðubúna að staðfesta það skriflega. Hafi þá verið ákveðið, að ráðuneytið legði fram drög að yfirlýsingu þessa efnis, og myndu aðilar hittast að nýju 2. júlí. Af hálfu ráðuneytisins hafi verið vakin athygli á því, að á fyrri fundum í ráðuneytinu og við afhendingu bréfanna hefði Helgi Sigurðsson hdl. verið viðstaddur og sérstaklega verið spurt að því, hvort hann yrði aðila innan handar. Því hafi verið svarað, að ekki þyrfti að leita til hans um þetta mál.

Að morgni 22. júlí hafi aðilar hist á fundi í ráðuneytinu. Drög að yfirlýsingu hafi verið lesin yfir, og í því sambandi hafi stefnandi sérstaklega verið innt eftir því, hvort Hilmar Á. Hilmarsson væri rétt tilgreindur umboðsmaður hennar og að honum mætti afhenda bréfin. Hafi hún staðfest það, en muni hafa bætt því við, að einu gilti, þótt bróðir sinn, Hilmar Kristjánsson, tæki við þeim.

Stefnandi og Hilmar Kristjánsson, sem með henni var á fundinum, hafi gert athugasemdir við eitt atriði í yfirlýsingunni, sbr. fundargerð á dskj. nr. 12. Af hálfu ráðuneytisins hafi verið fallist á athugasemdina, sbr. fskj. með dskj. nr. 13.

Þeirri málsástæðu stefnanda, að samgönguráðuneytið hafi á einhvern hátt misnotað aðstöðu sína gagnvart stefnanda, sé með öllu mótmælt sem rangri, ósannaðri og óviðeigandi.

Af hálfu stefndu eru hafðar uppi sömu röksemdir gegn fyrstu varakröfu stefnanda og að framan eru raktar um ógildingarkröfu og aðalkröfu.

Stefndu árétta með vísan til bréfs samgönguráðuneytisins á dskj. nr. 24, þess efnis, að ráðuneytið hafi fallist á ósk stefnanda um að takmarka kröfur sínar til andvirðis hlutabréfanna við sex milljónir króna, að stefnanda hafi verið afhent að nýju þau bréf, sem ekki þurfi að selja, til að greindu marki verði náð.

Af hálfu stefnanda virðist eitthvað upp úr því lagt, að viðskipti „ferðaskrifstofunnar Vilborgar" séu viðskipti sjálfstæðs aðila og að það hafi einhverja þýðingu í málinu. Þegar Wihlborg Rejser hugðust opna útibú á Íslandi, hafi verið leitað eftir skráningu hjá íslenskum yfirvöldum, en til að fá skráningu í Þjóðskrá hafi þurft að tilgreina íslenskt heiti. Nafn dönsku ferðaskrifstofunnar hafi samkvæmt því verið talið vera Vilborg, og sé því hér um að ræða íslenskt heiti á dönskum aðila, en ekki sjálfstæðan íslenskan aðila. Í því sambandi sé bent á dskj. nr. 6, þar sem tekin séu af tvímæli um, að hér sé um sama aðila að ræða.

Því sé loks haldið fram í stefnu, að tryggingin hafi aðeins verið til vara,

án þess að það sé rökstutt frekar. Þessi skoðun stefnanda sé ekki í samræmi við skýr ákvæði 13. og 14. gr. laga um skipulag ferðamála nr. 117/1994.

IV.

Forsendur og niðurstaða.

Fyrir dóminum gáfu skýrslu stefnandi, Erla Axelsdóttir, Hilmar Kristjánsson, Hilmar Hilmarsson, Kristján Þorbergsson lögfræðingur og Helgi Jóhannesson lögfræðingur.

Í upphafi aðalmeðferðar lagði lögmaður stefnanda fram dskj. nr. 39, sem felur í sér breytingar á stefnukröfum, m. a. til lækkunar aðalkröfu úr 7.274.801 kr. í 6.120.437 kr., ásamt dráttarvöxtum frá 11. október 1996 til greiðsludags, en til vara 4.283.424 kr. með sömu dráttarvöxtum. Við munnlegan málflutning gerði talsmaður stefnanda hins vegar kröfu um, að stefnanda yrðu greiddar 6.143.000 kr. Talsmaður stefndu mótmælti þessari hækkun frá fram lagðri breytingu á kröfugerðinni. Talsmaður stefnanda kvað breytinguna rúmast innan upphaflegrar kröfugerðar.

Með framlagningu á dskj. nr. 39 kom fram bindandi yfirlýsing um lækkun kröfufjárhæðar. Sú fjárhæð varð því ekki hækkuð að nýju síðar í sama þinghaldi gegn andmælum stefndu án framhaldsstefnu, og gildir þá einu, þótt hún rúmist innan upphaflegrar kröfufjárhæðar. Kemur stefnandi því ekki að hærri kröfu en nemur fjárhæð skv. dskj. nr. 39.

Ósannað er, að stefndu hafi vitað eða mátt ætla, að umdeild handveðssetning bréfanna væri án vitundar og vilja stefnanda og félli utan þess umboðs, sem hún hafði veitt Hilmari Hilmarssyni skriflega samkvæmt dskj. nr. 7, enda felst sú takmörkun á umboði hans ekki í orðalagi þess. Þá þykir orðalag umboðsins ekki gefa tilefni til fyrir stefndu að leita sérstaks umboðs til veðsetningarinnar eða sérstakrar staðfestingar hjá stefnanda, svo sem m. a. er miðað við í stefnu, og þykir yfirlýsing Hilmars Hilmarssonar, dags. 17. maí 1996, á dskj. nr. 6, um ráðstöfun á bréfunum á þann hátt, sem gert var, þar sem vísað er til umboðs stefnanda, falla innan þeirrar ráðstöfunarheimildar, sem umboðið felur í sér.

Í skýrslugjöf stefnanda og Hilmars Hilmarssonar fyrir dómi kom m. a. fram, að stefnandi dró umboð Hilmars Hilmarssonar aldrei formlega til baka þrátt fyrir ætlaða heimildarlausa ráðstöfun hans á hlutabréfunum, en hins vegar mun faðir hans, Hilmar Kristjánsson, hafa afhent henni umboðið ásamt öðrum gögnum, sem hann geymdi fyrir hana í möppu, daginn, sem hún hélt af landi brott í júlí, án þess að hún hefði sérstaklega afturkallað umboðið. Hefur þannig ekkert komið fram, sem styðji þær fullyrðingar stefnanda, að umboðsmaður hennar hafi farið út fyrir það umboð, sem hún

hafði veitt honum, eða gert umdeildar ráðstafanir í andstöðu við vitund hennar og/eða vilja. Verður stefnandi að bera hallann af því, að sönnun skortir hér, en umboð það, sem hún veitti Hilmari Hilmarssyni, er almennt orðað og felur ekki í sér neinar takmarkanir á heimild hans til að ráðstafa umræddum hlutabréfum samkvæmt hljóðan sinni.

Enn fremur er ósannað, að stefndu hafi vitað eða mátt vita, að stefnandi hefði enga hagsmuni af þeim viðskiptum, sem bréfunum var ætlað að tryggja með veðsetningunni, og hefði þess vegna mátt ætla, að umboðsmaðurinn hefði farið út fyrir umboð sitt.

Stefnandi bar ekki fyrir sig ætlað heimildarleysi Hilmars Hilmarssonar, fyrr en ljóst var, að hún myndi ekki geta leyst út bréfin, en þá voru liðnir um tveir mánuðir, frá því að hún kveðst hafa vitað um ráðstöfun bréfanna. Þá kemur fram í yfirlýsingu, dags. 22. júlí 1996, á dskj. nr. 13, að stefnandi tilgreinir Hilmar Hilmarsson sem umboðsmann sinn, þar sem hún felur stefndu að afhenda honum bréfin, ef fyrirætlun hennar um að leysa þau til sín skyldi takast. Í þeirri yfirlýsingu felst enn fremur staðfesting stefnanda á fyrra umboði Hilmars Hilmarssonar og þeim aðgerðum, sem hann gerði í krafti þess umboðs. Liggur fyrir í málinu, að stefnanda var kynnt efni þessarar yfirlýsingar á fundi í samgönguráðuneytinu 18. júlí, og verður því að telja, að hún hafi haft nægan fyrirvara til að kynna sér þýðingu slíkrar yfirlýsingar og jafnframt að leita lögfræðiaðstoðar, ef hún hefði talið þess þörf. Hefur ekkert komið fram í málinu, sem styður það, að stefnandi hafi verið beitt óeðlilegum þrýstingi af hálfu stefndu við gerð og undirritun yfirlýsingarinnar eða að önnur atriði hafi komið til greina á þeim tíma eða komið til síðar, sem valdi því, að yfirlýsingin verði metin óskuldbindandi á grundvelli 36. gr. l. nr. 7/1936.

Gögn málsins bera með sér, að ferðaskrifstofan Vilborg og Wihlborg Rejser séu eitt og sama fyrirtækið. Er því hafnað kröfu stefnanda, sem heldur því fram, að um tvær sjálfstæðar ferðaskrifstofur sé að ræða.

Ekki er fallist á, að það leiði af ákvæðum l. nr. 117/1994 eða rgl. nr. 281/1995, að tryggingin skuli aðeins taka til rekstrar íslenskrar ferðaskrifstofu. Þá er ekki fallist á, að tryggingin hafi átt að vera einhvers konar varatrygging. Enn fremur er því sjónarmiði hafnað, að tryggingin sé eingöngu sett vegna krafna, sem stofnað var til eftir 17. maí 1996, og verður slík niðurstaða ekki leidd af ákvæðum framangreindra laga og/eða reglugerðar.

Við upphaf aðalmeðferðar málsins lagði talsmaður stefnanda fram ljósrit af símbréfi frá danska sendiráðinu í Reykjavík, þar sem fram kemur yfirlýsing sendiráðsins um það, að ferðaskrifstofan sé enn starfandi og ekki vitað til, að hún hafi verið tekin til gjaldþrotaskipta. Var stuðst við þessar upplýs-

ingar við munnlegan málflutning, án þess að sérstakrar bókunar væri krafist þar að lútandi, en því haldið fram, að óheimilt hefði verið að grípa til tryggingarfjárins, með vísan til 13. gr. l. nr. 117/1994.

Af hálfu stefndu var lagt fram endurrit af auglýsingu frá samgönguráðuneytinu vegna stöðvunar á starfsemi dönsku ferðaskrifstofunnar Wihlborg Rejser hér á landi, og kemur þar fram, að hætt hafi verið við allt leiguflug á vegum hennar hér. Þykir rekstrarstöðvun á þessum hluta starfseminnar fullnægja skilyrðum 13. gr. l. nr. 117/1994, svo að nota megi tryggingarféð til endurgreiðslu fjár og til greiðslu kostnaðar vegna heimflutnings við þær aðstæður.

Samkvæmt framansögðu er kröfum stefnanda hafnað.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðilar beri hvor sinn kostnað af málinu.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, samgönguráðuneyti og fjármálaráðuneyti, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda, Erlu Axelsdóttur, í máli þessu.

Aðilar beri hvor sinn kostnað af málinu.